



# ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Heildarendurskoðun framhaldsfræðslukerfisins og laga um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010 – FRN22060048
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti/Hulda Anna Arnljótsdóttir
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	6. nóvember 2023

## A. Úrlausnarefni

### 1. Forsaga máls og tilefni.

Í Sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs er lögð áhersla á að „endurskoða löggjöf um framhaldsfræðslu í breiðu samráði til að tryggja að framhaldsfræðslukerfið sé í stakk búið til að takast á við samfélagsþróun, m.a. vegna loftslagsbreytinga og tæknivæðingar á vinnumarkaði. Í desember árið 2022 skipaði félags- og vinnumarkaðsráðherra samstarfshóp sem hefur það hlutverk að vinna að heildarendurskoðun á framhaldsfræðslukerfinu og heildarendurskoðun laga um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010. Formaður samstarfshópsins og tveir aðrir fulltrúar voru skipaðir án tilnefningar en auk þeirra eiga sæti fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, BSRB, Félagi náms- og starfsráðgjafa, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Fjölmenn, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Geðhjálp, háskóla-, nýsköpunar- og iðnaðarráðuneyti, Kennarasambandi Íslands, mennta- og barnamálaráðuneyti, Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Leikn, Rannís, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Símennt, Skólameistarafélagi Íslands, starfsmenntasjóðum á almennum markaði, Vinnumálastofnun, Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands.

### 2. Hvert er úrlausnarefnið?

Úrlausnarefnið er að endurskoða framhaldsfræðslukerfið og lög um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010 í heild sinni og vinna að frumvarpi að nýrri heildarlöggjöf.

### 3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Í lögum um framhaldsfræðslu frá 2010 þykir ekki nægilega skýrt hver markhópur framhaldsfræðslu er eða hvaða kröfur þarf að uppfylla til að fá viðurkenningu sem framhaldsfræðsluaðili og samhliða rétt til að sækja um fjármagn til að sinna kennslu, raunfærnimati og ráðgjöf. Þörf er á hvoru tveggja; að endurskoða ýmis ákvæði í gildandi lögum, skerpa á ýmsum grundvallarhugtökum og markmiðum laganna sem eru óljós, og að útvíkka lög um framhaldsfræðslu þannig að í þeim verði ákvæði um íslenskukennslu fyrir innflytjendur eða nám fyrir fullorðna innflytjendur og skýr ákvæði um menntun fatlaðra fullorðinna einstaklinga. Í aðgerðaráætlun um fjórðu iðnbyltinguna sem forsætisráðuneyti gaf út 2020 var tekið fram að framhaldsfræðslukerfið þurfi að einfalda og skýra svo þjónustan nái til breiðari hóps fullorðinna.

## B. Markmið

### 1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.

Eitt meginmarkmið hins opinbera sem tengist framhaldsfræðslu er að greiða leið nemenda til formlegrar menntunar, hækka menntunarstig þjóðarinnar og auka hæfni einstaklinga til þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði. Meginverkefni málaflokksins lögum samkvæmt eru kennsla og þjónusta við einstaklinga með stutta skólagöngu til að auðvelda þeim að hefja nám að nýju og að nám og reynsla sem aflað hefur verið utan hins formlega skólakerfis sé metið að

verðleikum. Námi og ráðgjöf innan framhaldsfræðslu er einnig ætlað að efla starfshæfni og veita aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu. Málaflokkurinn styður við velsældaráherslur ríkisstjórnarinnar um virkni í námi og starfi, þar sem áhersla er lögð á símenntun og starfsendurhæfingu, til að gefa bæði starfsfólki á vinnumarkaði og þeim sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku tækifæri til að búa sig undir þær breytingar sem verða á vinnumarkaði, m.a. með fjórðu iðnbyltingunni.

**2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.**

Samstarfshópnum er ætlað að koma með tillögu að heildstæðu kerfi í framhaldsfræðslu og styrkja hana sem fimmtu stoð hins opinbera menntakerfis, sem gefur fullorðnu fólki með stutta skólagöngu eða skerta möguleika til að fá störf, ný tækifæri til náms og hæfnipróunar. Hópurinn taki þannig á álitamálum innan framhaldsfræðslukerfisins með úrbætur að markmiði svo framkvæmd laga um framhaldsfræðslu verði skýr og gagnsæ.

### C. Leiðir

**1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?**

Verði lögum um framhaldsfræðslu ekki breytt mun ganga illa að leysa úr álitamálum sem tengjast markhópi framhaldsfræðslu, þ.e. hverjir tilheyra þeim hópi sem lögina ná yfir, viðurkenningu fræðsluaðila, gæðamálum, vottun námskráa og fleira. Einnig er hætta á því að þau lög sem nú er ætlað að ná yfir framhaldsfræðslu virki hamlandi á framþróun sem er nauðsynleg á tímum örra breytinga, bæði á atvinnumarkaði og í menntakerfinu.

**2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.**

Þar sem um er að ræða ný lög eftir endurskoðun gildandi laga þykja önnur úrræði en lagasetning ekki vera fyrir hendi.

**3. Mögulegar leiðir við lagasetningu.**

1. Útvíkka gildissvið laga um framhaldsfræðslu frá 2010 og jafnframt að breyta heiti þeirra.

### D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

**1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.**

Lagt verður fram frumvarp til nýrra laga um framhaldsfræðslu. Þar sem gert er ráð fyrir ýmsum breytingum frá gildandi löggjöf, meðal annars hvað varðar form og efni, er talið nauðsynlegt að frumvarp til nýrra heildarlaga verði lagt fram á Alþingi.

**2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.**

Frumvarpið mun fela í sér heildarendurskoðun á gildandi lögum um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010, með það meðal annars að markmiði að aðlaga framhaldsfræðslukerfið að þeirri þróun sem hefur orðið á markhópnum síðastliðin ár auk þess að einfalda kerfið og gera það gagnsærra. Gert er ráð fyrir að meðal annars verði tekið mið af reynslu við framkvæmd gildandi laga og vankantar sniðnir af auk þess sem gert er ráð fyrir að hafa uppsetningu laganna og efnisatriði aðgengileg.

### E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

**1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?**

Nei.

**2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?**

Nei.

**3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?**

Nei.

## F. Samráð

### 1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífisins, viðurkenndir fræðsluaðilar og Fjölmennt. Aðrir eru Samband íslenskra sveitarfélaga, BSRB, framhaldsskólar, fulltrúar fatlaðra og fulltrúar innflytjenda vegna íslenskukennslu

### 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Nei.

### 3. Samráð sem þegar hefur farið fram.

Samráðsfundur með þjóðfundarfyrirkomulagi.

### 4. Fyrirhugað samráð.

Félags- og vinnumarkaðsráðherra hefur skipað samstarfshóp sem í eiga sæti helstu hagsmunaaðilar. Gert er ráð fyrir að drög að fyrirhugaðri Grænbók, Hvítbók og frumvarpi verði birt í samráðsgátt stjórnvalda áður en mælt verði fyrir frumvarpinu á Alþingi.

## G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

### 1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal.

Verði frumvarpið að lögum ætti það ekki að fela í sér auka útgjöld úr ríkissjóði umfram það sem þegar er lagt til framhaldsfræðslu á fjárlögum.

## H. Næstu skref, innleiðing

### 1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina?

Já. Unnin verður Grænbók og Hvítbók. Gert er ráð fyrir að í framhaldi af því verði lagt fram frumvarp á Alþingi.

### 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Verði frumvarpið að lögum verður innleiðing með hefðbundnum hætti; með kynningu í þeim ráðuneytum sem koma að málaflöknum, kynningu fyrir þingflokki stjórnarflokka sem og ríkisstjórn.

### 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Til að lagasetningin beri árangur er mikilvægt að gæta þess að hafa samráð við alla hagsmunaaðila á undirbúningstíma. Drög að Grænbók, Hvítbók og frumvarpi eru skrifuð í samvinnu við samráðshóp hagsmunaaðila. Góð kynning á drögum, Grænbókar, Hvítbókar og frumvarpi þar sem hagsmunaaðilar fá tíma til yfirlstrar og að leggja fram ábendingar. Komi fram alvarlegar athugasemdir við frumvarpið verði þær ræddar á fundi með samstarfshópi og reynt að finna lausn sem flestir eru sáttir við. Þegar frumvarpið hefur verið samþykkt á Alþingi þarf að kynna það vel fyrir þeim sem vinna eftir lögunum, t.d. á opnum fundi.

### 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu.

Til dæmis aukning þátttakenda í framhaldsfræðslu, efling menntunarstigs á Íslandi og félagsvísar um virkni í námi.

### 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Nei, en endurskoðun á mælikvörðum er tekin fyrir í endurskoðunarverkefni en þörf á áreiðanlegri tölfræði um málaflökkinn.

## I. Annað

## J. Fylgiskjöl

### 1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.

### 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.

